

## L Ö G

11

9. febr.

um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar fasteignir:

- a. Prestssetursjörðina Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
- b. Prestssetursjörðina Stað í Hrófbergshreppi í Strandasýslu.
- c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.
- d. Eyðijörðina Kolgrafarsel í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.

Jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður seljist ábúendum þeirra með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali, en Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness. Söluverð þessara fasteigna skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við mat tekið tillit til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölu Kollafjarðarnes og Staðar.

Vilji einhver þeirra, sem forkaupsrétt hefur að fasteignunum, sem taldar eru í staflidunum a—c, ekki nota rétt sinn, er heimilt að selja þær hæstbjóðanda, að óbreyttum áðurnefndum skilyrðum.

Andvirði hinna seldu eigna, sem taldar eru í a—c-lið 1. málsg., skal ráðstafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla.

Eyðijörðin Kolgrafarsel seljist ábúanda jarðarinnar Kolgrafa í sömu sveit fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

12

9. febr.

um breyting á lögum nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við c-lið 3. gr. laganna komi tveir nýir stafliðir, svo hljóðandi:

- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

12  
9. febr.

2. gr.

- Annar töluliður 3. gr. laganna orðist svo:  
2. Að endurgreiða verzlunum aðflutningsgjöld af birgðum, er þær áttu 22. des. s. l. af vörum þeim, sem taldar eru í d- og e-lið hér á undan. Fjármálaráðherra setur reglur um, hvernig haga skuli endurgreiðslunni.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

*Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

13  
10. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „eina krónu“ í 1. málsg. 1. gr. laganna kemur: þrjár krónur.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

14  
10. febr.

## L Ö G

um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.